**126. löggjafarþing 2000–2001.**
**Þskj. 720 — 452. mál.**

# Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Í hve margar klukkustundir á tímabilinu 1. janúar 1998 til 1. september 2000 voru þyrlur Landhelgisgæslunnar annars vegar og gæsluflugvélin hins vegar á flugi vegna:
   a. gæslu 200 sjómílna lögsögunnar,
   b. æfingaflugs, ótengdu Slysavarnaskóla sjómanna?
2. Hve margir starfsmenn Landhelgisgæslunnar nutu endurmenntunar á fyrrgreindu tímabili, skipt eftir starfsgreinum, en í svari ráðherra á þskj. 328 kom fram að kostnaður við hana nam 31.745.448 kr.? Hvert var heiti náms?
3. Hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar oftar en einu sinni notið endurmenntunar á fyrrgreindu tímabili? Ef svo er, hve margir, hve oft og úr hvaða starfsgreinum?

**Skriflegt svar óskast.**